

AUGLÝSING

210

9. des.

um afgreiðslutíma lyfjabúða.

I. Á stöðum, þar sem eru fleiri en ein lyfjabúð.

Þar sem eru fleiri en ein lyfjabúð á stað, skulu allar lyfjabúðir vera opnar jafnlengi og almennar sölubúðir. Utan þess tíma skulu lyfjabúðir skiptast á um nætur- og helgidagavörzlu á þann hátt, sem þær koma sér saman um og landlæknir samþykkir.

II. Á stöðum, þar sem er aðeins ein lyfjabúð.

1. Á virkum dögum skal lyfjabúð vera opin eina klst. fram yfir lokunartíma almennra sölubúða, að undanskildum aðfangadegi jóla og gamlársdegi, er hún skal vera opin til kl. 16.

2. Á helgum dögum og löggiltum frídögum skal lyfjabúð vera opin frá kl. 13—16, að undanskildum jóladegi og nýársdegi.

3. Utan afgreiðslutíma lyfjabúðar skal sjúklingum séð fyrir nauðsynlegum lyfjum á eftirfarandi hátt:

a. Lyfsali skal láta varðlækni (nætur-lækni) í té hæfilegan forða lyfja, sem tíðast er gripið til, þegar um er að ræða skyndivítjun. Þegar læknir lætur af hendi lyf af þessum forða, skrifar hann samsvarandi lyfseðil, sem hann síðar fær lyfsala í hendur, og á lyfsali þá kröfu á hendur sjúkrasamlagi og sjúklingi á andvirði lyfsins.

b. Nú hefur varðlæknir ekki í fórum sínum nauðsynleg lyf, og skal honum þá heimilt að kveðja lyfsala eða staðgöngumann hans sér til aðstoðar, símleiðis eða á annan hátt. Skal þá lyfsala (aðstoðarmanni) skylt að afgreiða umbeðin lyf samkvæmt fyrirmælum læknisins. Verði (næturverði) lyfjabúðar er þó heimilt að dveljast utan lyfjabúðarinnar og utan heimilis síns, ef hann hefur fyrir brottför sína gefið varðlækni (eða læknum staðarins, ef þar er enginn ákveðinn varðlæknir) glöggar upplýsingar um dvalarstað sinn og símanúmer, ef um er að ræða, enda sé dvalarstaðurinn ekki fjær lyfjabúðinni en svo, að þangað verði komið á skammri stundu.

4. Þar sem lyfsali hefur ekki lærðan aðstoðarmann, getur landlæknir í samráði við héraðslækni heimilað frekari takmarkanir á afgreiðslutíma lyfjabúða.

Landlæknir, Reykjavík, 9. desember 1949.

Vilm. Jónsson.